

AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 6. maí 2003 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á reglugerð ráðsins (EB) nr. 343/2003 frá 18. febrúar 2003, um að koma á viðmiðunum og fyrirkomulagi við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli sem ríkisborgari þriðja lands leggur fram í einu aðildarríkjanna, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21 og 49/2000 þar sem samningurinn er birtur. Breytingin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 6. maí 2003.

Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utarríkisráðuneytinu, 30. maí 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB)
nr. 343/2003 frá 18. febrúar 2003
um að koma á viðmiðunum og fyrirkomulagi
við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð
á meðferð umsóknar um hæli sem
ríkisborgari þriðja lands leggur fram í einu
aðildarríkjanna.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubanda-
lagsins, einkum a-lið 1. liðar fyrstu málsgreinar
63. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar-
innar¹,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins²,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmála-
nefndar ESB³,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Sameiginleg stefna varðandi hælismeitingar,
þ.m.t. samevrópskt hælismeitingakerfi, er
þáttur í því markmiði Evrópusambandsins að

**COUNCIL REGULATION (EC)
No 343/2003 of 18 February 2003
establishing the criteria and mechanisms for
determining the Member State responsible
for examining an asylum application lodged
in one of the Member States by a third-
country national**

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN
UNION,

Having regard to the Treaty establishing the
European Community, and in particular Article
63, first paragraph, point (1)(a),

Having regard to the proposal from the
Commission¹,

Having regard to the opinion of the European
Parliament²,

Having regard to the opinion of the European
Economic and Social Committee³,

Whereas:

- (1) A common policy on asylum, including a
Common European Asylum System, is a
constituent part of the European Union's

¹ Stjútíð. EB C 304 E, 30.10.2001, bls. 192.

² Álit frá 9. apríl 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

³ Stjútíð. EB C 125, 27.5.2002, bls. 28.

¹ OJ C 304 E, 30.10.2001, p. 192.

² Opinion of 9 April 2002 (not yet published in the Official Journal).

³ OJ C 125, 27.5.2002, p. 28.

koma smám saman á fót svæði þar sem ríkir frelsi, öryggi og réttlæti, er sé opið þeim sem, sakir sérstakra aðstæðna, leita verndar innan bandalagsins á löglegan hátt.

- 2) Á sérstökum fundi leiðtogaáðsins sem haldinn var í Tampere 15. og 16. október 1999, var samþykkt að vinna að því að koma á fót samevrópsku hæliseitingakerfi, sem byggt er á fullri beitingu Genfarsamningsins um réttarstöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951, eins og bætt var við hann með New York-bókuninni frá 31. janúar 1967, og tryggja þannig að enginn verði sendur aftur þangað sem hann getur sætt ofsóknum, þ.e. að virt verði meginreglan um að vísa fólki ekki brott þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu. Í þessu tilliti, og án þess að það hafi áhrif á viðmiðanirnar um ábyrgð sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skulu aðildarríkin, sem öll virða meginregluna um að vísa fólki ekki brott þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu, teljast örugg lönd fyrir ríkisborgara þriðju landa.
- 3) Í niðurstöðum fundarins í Tampere kom einnig fram að með þessu kerfi skuli sett fram, til skamms tíma litið, skýr og framkvæmanleg aðferð við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli.
- 4) Slík aðferð skal byggjast á hlutlægum, sanngjörnum viðmiðunum, bæði fyrir aðildarríkið og viðkomandi einstaklinga. Einkum skal með henni gert kleift að taka skjóta ákvörðun um hvaða aðildarríki beri ábyrgð, þannig að tryggður sé skilvirkur aðgangur að málsmeðferð til að ákvarða réttarstöðu flóttamanns og til að ekki sé stefnt í hættu markmiðinu um skjóta meðferð umsókna um hæli.
- 5) Með tilliti til þess að innleitt verður í áföngum samevrópskt hæliseitingakerfi sem gæti, til lengri tíma litið, leitt til sameiginlegrar málsmeðferðar og samræmdrar réttarstöðu, sem gildir í gervöllu sambandinu, til handa þeim sem veitt er hæli, er við hæfi á þessu stigi, samhliða því að gerðar eru nauðsynlegar umbætur í ljósi fenginnar reynslu, að staðfesta meginreglurnar sem liggja til grundvallar samningnum um það hvaða ríki beri ábyrgð á meðferð umsókna um hæli sem lagðar eru fram í einhverju aðildarríkja Evrópubandalaganna⁴, sem undirritaður var í

objective of progressively establishing an area of freedom, security and justice open to those who, forced by circumstances, legitimately seek protection in the Community.

- (2) The European Council, at its special meeting in Tampere on 15 and 16 October 1999, agreed to work towards establishing a Common European Asylum System, based on the full and inclusive application of the Geneva Convention relating to the Status of Refugees of 28 July 1951, as supplemented by the New York Protocol of 31 January 1967, thus ensuring that nobody is sent back to persecution, i.e. maintaining the principle of non-refoulement. In this respect, and without affecting the responsibility criteria laid down in this Regulation, Member States, all respecting the principle of non-refoulement, are considered as safe countries for third-country nationals.
- (3) The Tampere conclusions also stated that this system should include, in the short term, a clear and workable method for determining the Member State responsible for the examination of an asylum application.
- (4) Such a method should be based on objective, fair criteria both for the Member States and for the persons concerned. It should, in particular, make it possible to determine rapidly the Member State responsible, so as to guarantee effective access to the procedures for determining refugee status and not to compromise the objective of the rapid processing of asylum applications.
- (5) As regards the introduction in successive phases of a common European asylum system that should lead, in the longer term, to a common procedure and a uniform status, valid throughout the Union, for those granted asylum, it is appropriate at this stage, while making the necessary improvements in the light of experience, to confirm the principles underlying the Convention determining the State responsible for examining applications for asylum lodged in one of the Member States of the European Communities⁴, signed in Dublin on 15 June 1990

⁴ Stjttíð. EB C 254, 19.8.1997, bls. 1.

⁴ OJ C 254, 19.8.1997, p. 1.

- Dyflinni 15. júní 1990 (hér á eftir nefndur „Dyflinnarsamningurinn“), en framkvæmd hans hefur ýtt undir samræmingu á stefnu varðandi hælisveitingar.
- 6) Standa ber vörð um einingu fjölskyldunnar að því marki sem það samræmist öðrum markmiðum, sem stefnt er að, með því að koma á viðmiðunum og fyrirkomulagi við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli.
- 7) Með því að láta sama aðildarríki taka samþimis fyrir umsóknir fólks um hæli innan sömu fjölskyldu er hægt að tryggja að farið sé vandlega yfir umsóknirnar og samkvæmni höfð að leiðarljósi við ákvarðanatöku um þær. Aðildarríkjunum skal heimilt að víkja frá viðmiðununum um ábyrgð í því skyni að sameina aðstandendur þar sem nauðsynlegt er af mannúðarástæðum.
- 8) Uppbygging svæðis án innri landamæra í áföngum, þar sem frjáls för manna er tryggð í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalagsins og mörkun stefnu bandalagsins að því er varðar komu- og dvalarskilyrði ríkisborgara þriðju landa, þ.m.t. sameiginlegt átak um stjórnun ytri landamæra, kallar á að komið skuli á jafnvægi milli viðmiðana um ábyrgð í anda samstöðu.
- 9) Greiða má fyrir beitingu þessarar reglugerðar og auka skilvirkni hennar með tvíhliða samkomulagi milli aðildarríkja til að bæta samskipti milli lögbærra stofnana, stytta málsmeðferðarfresti eða einfalda umfjöllun beiðna um að umsækjandi verði tekinn í umsjá eða beiðni um endurviðtöku eða með því að koma á málsmeðferð um það hvernig flutningur skuli fara fram.
- 10) Brýnt er að tryggja samfelldni milli þess kerfis þar sem ákveðið er hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli, sem kveðið er á um í Dyflinnarsamningnum, og þess kerfis sem komið er á með þessari reglugerð. Á sama hátt skal tryggja samræmi milli þessarar reglugerðar og reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2725/2000 frá 11. desember 2000 um stofnun Eurodac til að bera saman fingraför í því skyni að stuðla að skilvirkri beitingu Dyflinnarsamningsins⁵.
- (hereinafter referred to as the Dublin Convention), whose implementation has stimulated the process of harmonising asylum policies.
- (6) Family unity should be preserved in so far as this is compatible with the other objectives pursued by establishing criteria and mechanisms for determining the Member State responsible for examining an asylum application.
- (7) The processing together of the asylum applications of the members of one family by a single Member State makes it possible to ensure that the applications are examined thoroughly and the decisions taken in respect of them are consistent. Member States should be able to derogate from the responsibility criteria, so as to make it possible to bring family members together where this is necessary on humanitarian grounds.
- (8) The progressive creation of an area without internal frontiers in which free movement of persons is guaranteed in accordance with the Treaty establishing the European Community and the establishment of Community policies regarding the conditions of entry and stay of third country nationals, including common efforts towards the management of external borders, makes it necessary to strike a balance between responsibility criteria in a spirit of solidarity.
- (9) The application of this Regulation can be facilitated, and its effectiveness increased, by bilateral arrangements between Member States for improving communications between competent departments, reducing time limits for procedures or simplifying the processing of requests to take charge or take back, or establishing procedures for the performance of transfers.
- (10) Continuity between the system for determining the Member State responsible established by the Dublin Convention and the system established by this Regulation should be ensured. Similarly, consistency should be ensured between this Regulation and Council Regulation (EC) No 2725/2000 of 11 December 2000 concerning the establishment of “Eurodac” for the comparison of fingerprints for the effective application of the Dublin Convention⁵.

⁵ Stjútö. EB L 316, 15.12.2000, bls. 1.

⁵ OJ L 316, 15.12.2000, p. 1.

- 11) Starfræksla evrópska fingrafaragrunnsins [Eurodac], eins og honum var komið á fót með reglugerð (EB) nr. 2725/2000, einkum framkvæmd 4. og 8. gr. hennar, ætti að greiða fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar.
- 12) Að því er varðar meðferð manna, sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, eru aðildarríki bundin af skuldbindingum samkvæmt alþjóðlegum lagagæringum sem þau eiga hlut að.
- 13) Ráðstafanirnar, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari reglugerð, ber að samþykka í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð um beitingu framkvæmdarvalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁶.
- 14) Reglulega skal fara fram mat á framkvæmd reglugerðarinnar.
- 15) Í þessari reglugerð er tekið tillit til grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkenndar einkum í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi⁷. Einkum er leitast við að rétturinn til hælís, sem tryggður er í 18. gr., sé virtur að fullu.
- 16) Þar eð aðildarríkin geta ekki, með viðhlítandi hætti, náð fyrirhuguðu markmiði, þ.e.a.s. að koma á viðmiðunum og fyrirkomulagi við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli sem ríkisborgari þriðja lands leggur fram í einu aðildarríkjanna, og þessu markmiði, sakir þess hve það er umfangsmikið og hefur mikil áhrif, verður því betur náð á vettvangi bandalagsins, er bandalaginu heimilt að gera ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur með þessari reglugerð til að ná megi þessu markmiði.
- 17) Í bréfum, dagsettum 30. október 2001, tilkynntu Breska konungsríkið og Írland, í samræmi við 3. gr. bókunarinnar um stöðu Breska konungsríkisins og Írlands, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, að þau óski eftir því að taka þátt í samþykkt og beitingu þessarar reglugerðar.
- (11) The operation of the Eurodac system, as established by Regulation (EC) No 2725/2000 and in particular the implementation of Articles 4 and 8 contained therein should facilitate the implementation of this Regulation.
- (12) With respect to the treatment of persons falling within the scope of this Regulation, Member States are bound by obligations under instruments of international law to which they are party.
- (13) The measures necessary for the implementation of this Regulation should be adopted in accordance with Council Decision 1999/468/EC of 28 June 1999 laying down the procedures for the exercise of implementing powers conferred on the Commission⁶.
- (14) The application of the Regulation should be evaluated at regular intervals.
- (15) The Regulation observes the fundamental rights and principles which are acknowledged in particular in the Charter of Fundamental Rights of the European Union⁷. In particular, it seeks to ensure full observance of the right to asylum guaranteed by Article 18.
- (16) Since the objective of the proposed measure, namely the establishment of criteria and mechanisms for determining the Member State responsible for examining an asylum application lodged in one of the Member States by a third-country national, cannot be sufficiently achieved by the Member States and, given the scale and effects, can therefore be better achieved at Community level, the Community may adopt measures in accordance with the principle of subsidiarity as set out in Article 5 of the Treaty. In accordance with the principle of proportionality, as set out in that Article, this Regulation does not go beyond what is necessary in order to achieve that objective.
- (17) In accordance with Article 3 of the Protocol on the position of the United Kingdom and Ireland, annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, the United Kingdom and Ireland gave notice, by letters of 30 October 2001, of their wish to take part in the adoption and application of this Regulation.

⁶ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

⁷ Stjtið. EB C 364, 18.12.2000, bls. 1.

⁶ OJ L 184, 17.7.1999, p. 23.

⁷ OJ C 364, 18.12.2000, p. 1.

- 18) Danmörk tekur, í samræmi við 1. og 2. gr. bókunarinnar um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, ekki þátt í samþykkt þessarar reglugerðar og er ekki bundin af henni eða beitingu hennar.
- 19) Dyflinnarsamningurinn verður áfram í gildi milli Danmerkur og aðildarríkjanna sem eru bundin af þessari reglugerð og hefur verið samningur um þátttöku Danmerkur í reglugerðinni.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

**I. KAFLI
Viðfangsefni og skilgreiningar.**

1. gr.

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli sem ríkisborgari þriðja lands leggur fram í einu aðildarríkjanna.

2. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „ríkisborgari þriðja lands“: hver sá sem er ekki borgari í sambandinu í skilningi 1. mgr. 17. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins,
- b) „Genfarsamningurinn“: samningur frá 28. júlí 1951 um réttarstöðu flóttamanna eins og honum var breytt með New York-bókuninni frá 31. janúar 1967,
- c) „umsókn um hæli“: umsókn ríkisborgara þriðja lands sem skilja má sem svo að farið sé fram á alþjóðlega vernd aðildarríkis samkvæmt Genfarsamningnum. Sérhver umsókn um alþjóðlega vernd telst vera umsókn um hæli nema ríkisborgari þriðja lands fari sérstaklega fram á annars konar vernd sem sækja má um sérstaklega,
- d) „umsækjandi“ eða „umsækjandi um hæli“: ríkisborgari þriðja lands sem hefur lagt fram umsókn um hæli sem enn liggur ekki fyrir lokaákvörðun um,
- e) „meðferð umsóknar um hæli“: hvers kyns meðferð, ákvörðun eða úrskurður varðandi umsókn um hæli af hálfu lögbærra yfirvalda í samræmi við innlend lög, að undanskilinni

- (18) In accordance with Articles 1 and 2 of the Protocol on the position of Denmark, annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, Denmark does not take part in the adoption of this Regulation and is not bound by it nor subject to its application.

- (19) The Dublin Convention remains in force and continues to apply between Denmark and the Member States that are bound by this Regulation until such time an agreement allowing Denmark's participation in the Regulation has been concluded,

HAS ADOPTED THIS REGULATION:

**CHAPTER I
Subject-matter and Definitions**

Article 1

This Regulation lays down the criteria and mechanisms for determining the Member State responsible for examining an application for asylum lodged in one of the Member States by a third-country national.

Article 2

For the purposes of this Regulation:

- (a) “third-country national” means anyone who is not a citizen of the Union within the meaning of Article 17(1) of the Treaty establishing the European Community;
- (b) “Geneva Convention” means the Convention of 28 July 1951 relating to the status of refugees, as amended by the New York Protocol of 31 January 1967;
- (c) “application for asylum” means the application made by a third-country national which can be understood as a request for international protection from a Member State, under the Geneva Convention. Any application for international protection is presumed to be an application for asylum, unless a third-country national explicitly requests another kind of protection that can be applied for separately;
- (d) “applicant” or “asylum seeker” means a third country national who has made an application for asylum in respect of which a final decision has not yet been taken;
- (e) “examination of an asylum application” means any examination of, or decision or ruling concerning, an application for asylum by the competent authorities in accordance

- málsmeðferð til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgðina í samræmi við þessa reglugerð,
- f) „umsókn um hæli dregin til baka“: aðgerðir umsækjanda um hæli til að binda enda á málsmeðferð, sem hafin var með því að hann lagði fram umsókn um hæli í samræmi við innlend lög, annaðhvort beint eða óbeint,
- g) „flóttamaður“: ríkisborgari þriðja lands sem uppfyllir skilyrðin um réttarstöðu flóttamanna, sem skilgreind er í Genfarsamningnum, og hefur heimild til að búa á yfirráðasvæði aðildarríkis sem slíkur,
- h) „fylgdarlaus, ólögráða barn“: einhleypir einstaklingar undir átján ára aldri sem koma inn á yfirráðasvæði aðildarríkjanna án fylgdar fullorðins einstaklings, sem ber ábyrgð á þeim, samkvæmt lögum eða venju, svo lengi sem þeir hafa ekki í reynd verið teknir í umsjá slíks einstaklings; þetta á einnig við um ólögráða börn sem skilin eru eftir fylgdarlaus eftir að þau eru komin inn á yfirráðasvæði aðildarríkjanna,
- i) „aðstandendur“: eftirtaldir aðstandendur umsækjanda um hæli sem eru staddir á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, að því tilskildu að fjölskyldutengsl hafi þegar verið mynduð í upprunalandinu:
- i) maki umsækjanda um hæli eða einhleypur félagi í föstu sambandi við viðkomandi, þar sem samkvæmt lögum eða venju í viðkomandi aðildarríki er litið á ógift pör á sambærilegan hátt og hjón í lögum um útlendinga,
- ii) ólögráða börn hjóna eða para, sem um getur í i-lið, eða umsækjandans um hæli, að því tilskildu að þau séu einhleyp og á framfæri, óháð því hvort þau eru fædd innan hjónabands eða utan eða ættleidd eins og það er skilgreint í innlendum lögum,
- iii) faðir, móðir eða forráðamaður, ef umsækjandi um hæli eða flóttamaður er ólögráða og einhleypur,
- j) „dvalarskjal“: hvers konar leyfi, sem yfirvöld aðildarríkis gefa út, sem heimilar ríkisborgara þriðja lands að dvelja á yfirráðasvæði þess, þ.m.t. skjöl sem færa sönnur á að viðkomandi hafi leyfi til að dvelja áfram á yfirráðasvæðinu samkvæmt fyrirkomulagi um bráðabirgðavernd eða uns aðstæður, sem koma í veg fyrir að skipun um brottvísun sé fram-
with national law except for procedures for determining the Member State responsible in accordance with this Regulation;
- (f) “withdrawal of the asylum application” means the actions by which the applicant for asylum terminates the procedures initiated by the submission of his application for asylum, in accordance with national law, either explicitly or tacitly;
- (g) “refugee” means any third-country national qualifying for the status defined by the Geneva Convention and authorised to reside as such on the territory of a Member State;
- (h) “unaccompanied minor” means unmarried persons below the age of eighteen who arrive in the territory of the Member States unaccompanied by an adult responsible for them whether by law or by custom, and for as long as they are not effectively taken into the care of such a person; it includes minors who are left unaccompanied after they have entered the territory of the Member States;
- (i) “family members” means insofar as the family already existed in the country of origin, the following members of the applicant’s family who are present in the territory of the Member States:
- (i) the spouse of the asylum seeker or his or her unmarried partner in a stable relationship, where the legislation or practice of the Member State concerned treats unmarried couples in a way comparable to married couples under its law relating to aliens;
- (ii) the minor children of couples referred to in point (i) or of the applicant, on condition that they are unmarried and dependent and regardless of whether they were born in or out of wedlock or adopted as defined under the national law;
- (iii) the father, mother or guardian when the applicant or refugee is a minor and unmarried;
- (j) “residence document” means any authorisation issued by the authorities of a Member State authorising a third-country national to stay in its territory, including the documents substantiating the authorisation to remain in the territory under temporary protection arrangements or until the circumstances preventing a removal order from being carried

fylgt, eru ekki lengur fyrir hendi, að undanskildum vegabréfsáritunum og dvalarleyfum, gefnum út á meðan beðið er ákvörðunar um það hvaða aðildarríki skuli bera ábyrgð, eins og komið er á með þessari reglugerð, eða á meðan á meðferð umsóknar um hæli eða umsóknar um dvalarleyfi stendur,

- k) „vegabréfsáritun“: leyfi eða ákvörðun aðildarríkis, sem krafist er til gegnumferðar eða komu manna til fyrirhugaðrar dvalar í því aðildarríki eða í nokkrum aðildarríkjum. Eðli vegabréfsáritunarinnar skal ákvarðað í samræmi við eftirfarandi skilgreiningar:
- i) „vegabréfsáritun til langrar dvalar“: leyfi eða ákvörðun aðildarríkis sem krafist er til komu vegna fyrirhugaðrar dvalar í því aðildarríki til lengri tíma en þriggja mánaða,
 - ii) „vegabréfsáritun til stuttrar dvalar“: leyfi eða ákvörðun aðildarríkis sem krafist er til komu vegna fyrirhugaðrar dvalar í því aðildarríki eða nokkrum aðildarríkjum skemur en þrjú mánuði samanlagt,
 - iii) „vegabréfsáritun til gegnumferðar“: leyfi eða ákvörðun aðildarríkis sem krafist er til komu vegna gegnumferðar um yfirráðasvæði þess aðildarríkis eða nokkurra aðildarríkja, þó ekki gegnumferðar um flughöfn,
 - iv) „vegabréfsáritun til gegnumferðar um flughöfn“: leyfi eða ákvörðun sem heimilur ríkisborgara þriðja lands, sem fellur sérstaklega undir þessa kvöð, að fara um gegnumferðarsvæði í flughöfn, án þess að fá aðgang að innlendu yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis, við millilendingu eða þegar farið er á milli tveggja flugleiða í millilandaflugi.

II. KAFLI Meginreglur.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu taka til meðferðar umsókn sérhvers ríkisborgara þriðja lands sem leggur fram á landamærum eða á yfirráðasvæði þeirra umsókn um hæli í einhverju ríkjanna. Aðeins það aðildarríki sem ber ábyrgð, samkvæmt þeim viðmiðunum sem mælt er fyrir um í III. kafla, skal taka umsóknina til meðferðar.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er hverju aðildarríki heimilt að taka til meðferðar umsókn um

out no longer apply, with the exception of visas and residence authorisations issued during the period required to determine the responsible Member State as established in this Regulation or during examination of an application for asylum or an application for a residence permit;

- (k) “visa” means the authorisation or decision of a Member State required for transit or entry for an intended stay in that Member State or in several Member States. The nature of the visa shall be determined in accordance with the following definitions:
- (i) “long-stay visa” means the authorisation or decision of a Member State required for entry for an intended stay in that Member State of more than three months;
 - (ii) “short-stay visa” means the authorisation or decision of a Member State required for entry for an intended stay in that State or in several Member States for a period whose total duration does not exceed three months;
 - (iii) “transit visa” means the authorisation or decision of a Member State for entry for transit through the territory of that Member State or several Member States, except for transit at an airport;
 - (iv) “airport transit visa” means the authorisation or decision allowing a third-country national specifically subject to this requirement to pass through the transit zone of an airport, without gaining access to the national territory of the Member State concerned, during a stopover or a transfer between two sections of an international flight.

CHAPTER II General principles

Article 3

1. Member States shall examine the application of any third country national who applies at the border or in their territory to any one of them for asylum. The application shall be examined by a single Member State, which shall be the one which the criteria set out in Chapter III indicate is responsible.
2. By way of derogation from paragraph 1, each Member State may examine an application

hæli sem ríkisborgari þriðja lands leggur fram hjá því, jafnvel þótt það beri ekki ábyrgð á slíkri meðferð samkvæmt viðmiðunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Í því tilviki telst það aðildarríki vera aðildarríkið sem ber ábyrgð í skilningi þessarar reglugerðar og tekur á sig þær skuldbindingar sem sú ábyrgð hefur í för með sér. Þar sem við á skal það tilkynna það aðildarríkinu, sem áður bar ábyrgðina, aðildarríkinu, sem fer með málsmeðferð til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgðina eða aðildarríkinu sem beiðni hefur verið beint til um að taka yfir umsjá umsækjanda um hæli eða taka við honum aftur.

3. Hvert aðildarríki áskilur sér rétt, í samræmi við innlend lög, til að senda umsækjanda um hæli til þriðja lands í samræmi við ákvæði Genfarsamningsins.
4. Tilkynna ber umsækjanda um hæli skriflega um beitingu þessarar reglugerðar, fresti og áhrif, á tungumáli sem búast má við að viðkomandi skilji.

4. gr.

1. Um leið og umsókn um hæli er fyrst lögð fram hjá aðildarríki hefst það ferli sem miðar að því að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð samkvæmt þessari reglugerð.
2. Umsókn um hæli telst hafa verið lögð fram þegar lögbærum yfirvöldum viðkomandi aðildarríkis hefur borist eyðublað, sem umsækjandi um hæli leggur fram, eða skýrsla frá yfirvöldum. Sé umsóknin ekki skrifleg skal líða sem stytur tími frá viljayfirlýsingu umsækjanda til þess að skýrsla er gerð.
3. Að því er þessa reglugerð varðar skal staða ólögráða barns, sem er í fylgd umsækjanda um hæli og uppfyllir skilyrði skilgreiningar um aðstandanda, sem um getur í i-lið 2. gr., vera óaðskiljanleg stöðu foreldris þess eða forráðamanns og heyra undir aðildarríkið sem ber ábyrgð á meðferð umsóknar foreldrisins eða forráðamannsins, jafnvel þótt ólögráða barnið sé ekki umsækjandi um hæli sjálft. Sama meðferð á við um börn sem fædd eru eftir að umsækjandi um hæli kemur á yfirráðasvæði aðildarríkjanna án þess að hefja þurfi nýja málsmeðferð varðandi umsjá þeirra.
4. Ef umsækjandi um hæli, sem er staddur á yfirráðasvæði aðildarríkis, leggur fram

for asylum lodged with it by a third-country national, even if such examination is not its responsibility under the criteria laid down in this Regulation. In such an event, that Member State shall become the Member State responsible within the meaning of this Regulation and shall assume the obligations associated with that responsibility. Where appropriate, it shall inform the Member State previously responsible, the Member State conducting a procedure for determining the Member State responsible or the Member State which has been requested to take charge of or take back the applicant.

3. Any Member State shall retain the right, pursuant to its national laws, to send an asylum seeker to a third country, in compliance with the provisions of the Geneva Convention.
4. The asylum seeker shall be informed in writing in a language that he or she may reasonably be expected to understand regarding the application of this Regulation, its time limits and its effects.

Article 4

1. The process of determining the Member State responsible under this Regulation shall start as soon as an application for asylum is first lodged with a Member State.
2. An application for asylum shall be deemed to have been lodged once a form submitted by the applicant for asylum or a report prepared by the authorities has reached the competent authorities of the Member State concerned. Where an application is not made in writing, the time elapsing between the statement of intention and the preparation of a report should be as short as possible.
3. For the purposes of this Regulation, the situation of a minor who is accompanying the asylum seeker and meets the definition of a family member set out in Article 2, point (i), shall be indissociable from that of his parent or guardian and shall be a matter for the Member State responsible for examining the application for asylum of that parent or guardian, even if the minor is not individually an asylum seeker. The same treatment shall be applied to children born after the asylum seeker arrives in the territory of the Member States, without the need to initiate a new procedure for taking charge of them.
4. Where an application for asylum is lodged with the competent authorities of a Member

umsókn um hæli hjá lögbærum yfirvöldum annars aðildarríkis skal aðildarríkið, á hvers yfirráðasvæði umsækjandi um hæli er staddur, taka ákvörðun um það hvaða ríki beri ábyrgðina. Aðildarríkið, sem tók við umsókninni, skal án tafar tilkynna síðarnefnda aðildarríkinu um það og skal upp frá því litið á það aðildarríki sem aðildarríkið þar sem umsókn um hæli var lögð fram, að því er varðar þessa reglugerð.

Tilkynna ber umsækjanda um hæli skriflega um flutning umsóknar og hvaða dag hann fór fram.

5. Aðildarríki, sem hefur borist umsókn um hæli, skal taka aftur við umsækjanda um hæli, sem er staddur í öðru aðildarríki og leggur þar fram umsókn um hæli eftir að hafa dregið umsókn sína til baka á meðan verið var að ákveða hvaða aðildarríki bæri ábyrgð, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 20. gr., með það fyrir augum að ljúka ferlinu sem miðar að því að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli. Þessi kvöð fellur niður ef umsækjandi um hæli hefur í millitíðinni yfirgefið yfirráðasvæði aðildarríkjanna um þriggja mánaða skeið eða lengur eða hefur verið veitt dvalarskjal af hálfu aðildarríkis.

III. KAFLI Forganróð viðmiðana.

5. gr.

1. Viðmiðunum, til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð, skal beitt í þeirri röð sem þær eru settar fram í þessum kafla.
2. Ákvarða skal hvaða aðildarríki beri ábyrgð í samræmi við viðmiðanirnar á grundvelli þeirrar stöðu sem var þegar umsækjandi um hæli lagði fyrst fram umsókn sína hjá aðildarríki.

6. gr.

Ef umsækjandi um hæli er fylgdarlaust, ólög-ráða barn skal aðildarríkið, þar sem aðstandandi þess er löglega staddur, bera ábyrgð á meðferð umsóknarinnar, að því tilskildu að slíkt samræmist hagsmunum barnsins.

Ef engir aðstandendur eru fyrir hendi skal aðildarríkið, þar sem hið ólöggráða barn lagði

State by an applicant who is in the territory of another Member State, the determination of the Member State responsible shall be made by the Member State in whose territory the applicant is present. The latter Member State shall be informed without delay by the Member State which received the application and shall then, for the purposes of this Regulation, be regarded as the Member State with which the application for asylum was lodged.

The applicant shall be informed in writing of this transfer and of the date on which it took place.

5. An asylum seeker who is present in another Member State and there lodges an application for asylum after withdrawing his application during the process of determining the Member State responsible shall be taken back, under the conditions laid down in Article 20, by the Member State with which that application for asylum was lodged, with a view to completing the process of determining the Member State responsible for examining the application for asylum. This obligation shall cease, if the asylum seeker has in the meantime left the territories of the Member States for a period of at least three months or has obtained a residence document from a Member State.

CHAPTER III Hierarchy of criteria

Article 5

1. The criteria for determining the Member State responsible shall be applied in the order in which they are set out in this Chapter.
2. The Member State responsible in accordance with the criteria shall be determined on the basis of the situation obtaining when the asylum seeker first lodged his application with a Member State.

Article 6

Where the applicant for asylum is an unaccompanied minor, the Member State responsible for examining the application shall be that where a member of his or her family is legally present, provided that this is in the best interest of the minor.

In the absence of a family member, the Member State responsible for examining the

fram umsókn um hæli, bera ábyrgð á meðferð umsóknarinnar.

7. gr.

Eigi umsækjandi um hæli aðstandanda, sem aðildarríki hefur veitt leyfi til dvalar sem flóttamanni, óháð því hvort fjölskyldutengsl þeirra höfðu þegar verið mynduð í upprunalandinu, skal það aðildarríki bera ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli, að því tilskildu að viðkomandi einstaklingar óski þess.

8. gr.

Eigi umsækjandi um hæli aðstandanda í aðildarríki, sem enn bíður þess að fyrsta ákvörðun verði tekin um umsókn hans, skal það aðildarríki bera ábyrgð á meðferð umsóknarinnar um hæli, að því tilskildu að viðkomandi einstaklingar óski þess.

9. gr.

1. Ef umsækjandi um hæli er handhafi gilds dvalarskjals skal aðildarríkið, sem gaf út skjalið, bera ábyrgð á meðferð umsóknar hans um hæli.
2. Ef umsækjandi um hæli er handhafi gildrar vegabréfsáritunar skal aðildarríkið, sem gaf út vegabréfsáritunina, bera ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli nema það hafi gefið út vegabréfsáritunina fyrir hönd annars aðildarríkis eða með skriflegu leyfi þess. Í því tilviki skal síðarnefnda aðildarríkið bera ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli. Hafi aðildarríki fyrst samráð við miðlægt yfirvald annars aðildarríkis, einkum af öryggisástæðum, skal svar síðarnefnda ríkisins ekki teljast vera skriflegt leyfi í skilningi þessa ákvæðis.
3. Ef umsækjandi um hæli er handhafi fleiri en eins gilds dvalarskjals eða vegabréfsáritunar, sem gefin eru út í mismunandi aðildarríkjum, skal ábyrgðin á meðferð umsóknar um hæli falla á aðildarríkin í eftirfarandi röð:
 - a) aðildarríkið, sem gaf út það dvalarskjal sem veitir rétt til lengstrar dvalar, eða, ef gildistímabil eru jafnlöng, þá það aðildarríki sem gaf út dvalarskjalið sem síðast rennur út,
 - b) aðildarríkið sem gaf út vegabréfsáritunina

application shall be that where the minor has lodged his or her application for asylum.

Article 7

Where the asylum seeker has a family member, regardless of whether the family was previously formed in the country of origin, who has been allowed to reside as a refugee in a Member State, that Member State shall be responsible for examining the application for asylum, provided that the persons concerned so desire.

Article 8

If the asylum seeker has a family member in a Member State whose application has not yet been the subject of a first decision regarding the substance, that Member State shall be responsible for examining the application for asylum, provided that the persons concerned so desire.

Article 9

1. Where the asylum seeker is in possession of a valid residence document, the Member State which issued the document shall be responsible for examining the application for asylum.
2. Where the asylum seeker is in possession of a valid visa, the Member State which issued the visa shall be responsible for examining the application for asylum, unless the visa was issued when acting for or on the written authorisation of another Member State. In such a case, the latter Member State shall be responsible for examining the application for asylum. Where a Member State first consults the central authority of another Member State, in particular for security reasons, the latter's reply to the consultation shall not constitute written authorisation within the meaning of this provision.
3. Where the asylum seeker is in possession of more than one valid residence document or visa issued by different Member States, the responsibility for examining the application for asylum shall be assumed by the Member States in the following order:
 - (a) the Member State which issued the residence document conferring the right to the longest period of residency or, where the periods of validity are identical, the Member State which issued the residence document having the latest expiry date;
 - (b) the Member State which issued the visa

- sem síðast rennur út ef fleiri en ein vegabréfsáritun eru sömu gerðar,
- c) ef vegabréfsáritanir eru ólíkrar gerðar, aðildarríkið sem gaf út vegabréfsáritun með lengstan gildistíma eða, ef gildistími eru jafnlöng, aðildarríkið sem gaf út vegabréfsáritunina sem síðast rennur út.
4. Ef umsækjandi um hæli er handhafi eins eða fleiri dvalarskjala, sem hafa runnið út á síðustu tveimur árum, eða einnar eða fleiri vegabréfsáritana, sem hafa runnið út á síðustu sex mánuðum og sem gerðu honum kleift að koma inn á yfirráðasvæði aðildarríkis, gilda 1., 2. og 3. mgr. um þann tíma sem umsækjandi hefur ekki yfirgefið yfirráðasvæði aðildarríkjanna.

Ef umsækjandi um hæli er handhafi eins eða fleiri dvalarskjala, sem hafa runnið út fyrir meira en tveimur árum, eða einnar eða fleiri vegabréfsáritana, sem hafa runnið út fyrir meira en sex mánuðum, sem gerðu honum kleift að koma inn á yfirráðasvæði aðildarríkis og hafi hann ekki yfirgefið yfirráðasvæði aðildarríkja, skal aðildarríkið, þar sem umsóknin er lögð fram, bera ábyrgð.

5. Hafi dvalarskjal eða vegabréfsáritun verið gefin út til handa einhverjum sem gefur upp falskt nafn eða nafn annars manns eða lagði fram frumfölsuð, grunnfölsuð eða ógild skjöl skal það ekki koma í veg fyrir að aðildarríkið, sem gaf það/hana út, beri ábyrgð. Þó skal aðildarríkið, sem gefur út dvalarskjalið eða vegabréfsáritunina, ekki bera ábyrgð ef það getur sannað að svik hafi átt sér stað eftir útgáfu skjalsins eða vegabréfsáritunarinnar.

10. gr.

1. Ef fastsett hefur verið, á grundvelli sannana eða sannana byggðra á líkum, eins og lýst er í skránum tveimur sem um getur í 3. mgr. 18. gr., þ.m.t. gögn sem um getur í III. kafla reglugerðar (EB) nr. 2725/2000, að umsækjandi um hæli hafi komið ólöglega yfir landamæri aðildarríkis, á landi, sjó eða í lofti, frá þriðja landi skal aðildarríkið, sem komið var þannig inn í, bera ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli. Ábyrgð þessi fellur niður 12 mánuðum eftir að farið var ólöglega yfir landamærin.

- having the latest expiry date where the various visas are of the same type;
- (c) where visas are of different kinds, the Member State which issued the visa having the longest period of validity, or, where the periods of validity are identical, the Member State which issued the visa having the latest expiry date.

4. Where the asylum seeker is in possession only of one or more residence documents which have expired less than two years previously or one or more visas which have expired less than six months previously and which enabled him actually to enter the territory of a Member State, paragraphs 1, 2 and 3 shall apply for such time as the applicant has not left the territories of the Member States.

Where the asylum seeker is in possession of one or more residence documents which have expired more than two years previously or one or more visas which have expired more than six months previously and enabled him actually to enter the territory of a Member State and where he has not left the territories of the Member States, the Member State in which the application is lodged shall be responsible.

5. The fact that the residence document or visa was issued on the basis of a false or assumed identity or on submission of forged, counterfeit or invalid documents shall not prevent responsibility being allocated to the Member State which issued it. However, the Member State issuing the residence document or visa shall not be responsible if it can establish that a fraud was committed after the document or visa had been issued.

Article 10

1. Where it is established, on the basis of proof or circumstantial evidence as described in the two lists mentioned in Article 18(3), including the data referred to in Chapter III of Regulation (EC) No 2725/2000, that an asylum seeker has irregularly crossed the border into a Member State by land, sea or air having come from a third country, the Member State thus entered shall be responsible for examining the application for asylum. This responsibility shall cease 12 months after the date on which the irregular border crossing took place.

2. Ef ekki er hægt eða ekki er lengur hægt að draga aðildarríki til ábyrgðar í samræmi við 1. mgr. og ef fastsett hefur verið, á grundvelli sannana eða sannana byggðra á líkum, eins og lýst er í skránum tveimur sem um getur í 3. mgr. 18. gr., að umsækjandi um hæli, sem komið hefur ólöglega inn á yfirráðasvæði aðildarríkjanna eða á einhvern þann hátt sem ekki er hægt að staðfesta, hafi, þegar umsókn er lögð fram, búið óslitið í aðildarríki í a.m.k. fimm mánuði skuli það aðildarríki bera ábyrgð á meðferð umsóknar hans um hæli.

Hafi umsækjandi búið lengur en um fimm mánaða skeið í nokkrum aðildarríkjum skal aðildarríkið, þar sem hann bjó síðast, bera ábyrgð á meðferð umsóknarinnar.

11. gr.

1. Komi ríkisborgari þriðja lands inn á yfirráðasvæði aðildarríkis, þar sem kvöð um vegabréfsáritun hefur verið felld niður, ber það aðildarríki ábyrgð á meðferð umsóknar viðkomandi um hæli.
2. Meginreglan í 1. mgr. gildir ekki ef ríkisborgari þriðja lands leggur fram umsókn um hæli í öðru aðildarríki þar sem kvöð um að viðkomandi hafi vegabréfsáritun til að komast inn á yfirráðasvæðið hefur einnig verið felld niður. Í því tilviki skal síðarnefnda aðildarríkið bera ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli.

12. gr.

Ef ríkisborgari þriðja lands leggur fram umsókn um hæli á alþjóðlegu gegnumferðarsvæði flughafnar í aðildarríki ber það aðildarríki ábyrgð á meðferð umsóknarinnar.

13. gr.

Ef ekki er unnt að tilnefna neitt aðildarríki sem ábyrgt fyrir meðferð umsókna um hæli á grundvelli viðmiðananna, sem taldar eru upp í þessari reglugerð, skal fyrsta aðildarríkið, þar sem lögð var fram umsókn um hæli, bera ábyrgð á meðferð hennar.

14. gr.

Ef nokkrir í sömu fjölskyldu leggja fram umsóknir um hæli í sama aðildarríki á sama tíma, eða á svo stuttum tíma að unnt sé að láta máls-

2. When a Member State cannot or can no longer be held responsible in accordance with paragraph 1, and where it is established, on the basis of proof or circumstantial evidence as described in the two lists mentioned in Article 18(3), that the asylum seeker – who has entered the territories of the Member States irregularly or whose circumstances of entry cannot be established – at the time of lodging the application has been previously living for a continuous period of at least five months in a Member State, that Member State shall be responsible for examining the application for asylum.

If the applicant has been living for periods of time of at least five months in several Member States, the Member State where this has been most recently the case shall be responsible for examining the application.

Article 11

1. If a third-country national enters into the territory of a Member State in which the need for him or her to have a visa is waived, that Member State shall be responsible for examining his or her application for asylum.
2. The principle set out in paragraph 1 does not apply, if the third-country national lodges his or her application for asylum in another Member State, in which the need for him or her to have a visa for entry into the territory is also waived. In this case, the latter Member State shall be responsible for examining the application for asylum.

Article 12

Where the application for asylum is made in an international transit area of an airport of a Member State by a third-country national, that Member State shall be responsible for examining the application.

Article 13

Where no Member State responsible for examining the application for asylum can be designated on the basis of the criteria listed in this Regulation, the first Member State with which the application for asylum was lodged shall be responsible for examining it.

Article 14

Where several members of a family submit applications for asylum in the same Member State simultaneously, or on dates close enough

meðferð við að ákvarða hvaða aðildarríki skuli bera ábyrgð fara fram samtímis, og ef beiting viðmiðananna, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, myndi leiða til aðskilnaðar þeirra skal ákveða hvaða aðildarríki ber ábyrgð á grundvelli eftirfarandi ákvæða:

- a) það aðildarríki, sem samkvæmt viðmiðunum skal taka yfir umsjá flestra í fjölskyldunni, skal bera ábyrgð á meðferð umsókna um hæli frá öllum í fjölskyldunni,
- b) að öðrum kosti skal ábyrgðin hvíla á aðildarríkinu sem samkvæmt viðmiðunum ber ábyrgð á meðferð umsóknar þess sem elstur er í fjölskyldunni.

IV. KAFLI Mannúðarákvæði.

15. gr.

1. Hverju aðildarríki er heimilt, jafnvel þótt það beri ekki ábyrgð samkvæmt viðmiðunum sem um getur í þessari reglugerð, að sameina fjölskyldur, sem og aðra ættingja á framfæri, af mannúðarástæðum, einkum að teknu tilliti til fjölskyldu- eða menningartengdra þátta. Í því tilviki skal það aðildarríki, að beiðni annars aðildarríkis, fara með umsókn viðkomandi einstaklings um hæli. Viðkomandi einstaklingar verða að gefa samþykki sitt.
2. Í tilvikum þar sem viðkomandi einstaklingur er háður aðstoð annars sökum meðgöngu eða nýfædds barns, alvarlegra veikinda, mikillar fötlunar eða elli skal aðildarríkið að jafnaði sameina eða halda saman umsækjanda um hæli og öðrum ættingja sem er fyrir á yfirráðasvæði aðildarríkis, að því tilskildu að fjölskyldutengsl þeirra hafi þegar verið mynduð í upprunalandinu.
3. Ef umsækjandi um hæli er fylgdarlaust, ólög-ráða barn sem á einn eða fleiri ættingja í öðru aðildarríki, sem geta annast það, skulu aðildarríkin sameina barnið og ættingjann eða ættingjana, ef mögulegt er, nema slíkt samræmist ekki hagsmunum hins ólög-ráða barns.
4. Samþykki aðildarríkið, sem fær slíka beiðni, hana færast ábyrgðin á meðferð umsóknarinnar til þess.
5. Skilyrði og málsmeðferð við framkvæmd þessarar greinar, þ.m.t., þar sem við á, sátta-meðferð til að útkljá ágreining milli aðildarríkja um það hvort nauðsynlegt sé að sameina

for the procedures for determining the Member State responsible to be conducted together, and where the application of the criteria set out in this Regulation would lead to them being separated, the Member State responsible shall be determined on the basis of the following provisions:

- (a) responsibility for examining the applications for asylum of all the members of the family shall lie with the Member State which the criteria indicate is responsible for taking charge of the largest number of family members;
- (b) failing this, responsibility shall lie with the Member State which the criteria indicate is responsible for examining the application of the oldest of them.

CHAPTER IV Humanitarian clause

Article 15

